

# LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA

---

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á unglingsstigi:

## Svarta skepnan

Gulu augun  
svarti búkurinn  
sér þig alltaf í myrkri.  
Ekki vera hræddur  
komdu inn  
í kofann minn  
þar er heitt og gott.  
Gulu augu  
svarti búkurinn  
ekki vera hrædd.

*Haukur 8. bekk, Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Stóri karlinn

Mig langar að segja ykkur sögu um stelpu  
stelpu sem var hrædd við að vera í sínu eigin húsi  
stelpu sem reyndi að segja frá  
en enginn trúði henni.  
Stelpu sem var hrædd við stóra karlinn  
stóra karlinn með hnúana  
stóra karlinn sem gaf henni líf  
En vildi samt ekki vera góður við hana  
Enginn veit hvar þessi stelpa er í dag  
Enginn hefur séð hana  
Eftir þann dag  
þann dag sem að stóri karlinn með hnúana  
kláraði verkið sem að hann ætlaði sér aldrei að gera.

*Hanna Valdís 9. bekk, Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Brúðan hans

Hann stjórnar henni eins og brúðu  
hann segir henni hvernig hún eigi að klæða sig  
hvern hún eigi að tala við  
og hvar hún eigi að vera.  
Hún hlustar bara og hlýðir skipunum.  
Hún spyr aldrei af hverju eða hvers vegna  
af því þá veit hún að hún muni sjá eftir því.

*Hanna Valdís 9. bekk, Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Tíminn

Tjörnin er frosin  
og fuglarnir í dvala  
en inni er hlýtt.

*Andrés Illugi Gunnarsson, 7. bekk Vesturbæjarskóla*

---

## Um lífið

Tíminn líður svo hratt,  
í gær var þriðjudagur en  
í fyrradag var ég fimm.  
Ég hafði ekki áhyggjur af neinu,  
það eina sem ég hugsaði þá  
var að ég gat ekki beðið eftir því  
að verða unglingur.  
En núna er mín eina ósk  
að verða aftur fimm.  
En sama hvað ég óska heitt,  
verð ég alltaf sama stelpan  
og í speglinum.

*Sigurlaug Sara, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Hún

Á himninum, var hún sólin mín.  
Í kuldanum, var hún hitinn minn.  
Í myrkrinu, var hún ljósið mitt.

*Agnar Óli, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Breyting

Hún hefur breyst,  
þú sérð það í augunum hennar,  
finnur það við snertingu hennar,  
heyrir það í röddinni hennar.  
Ég hef breyst,  
uppáhaldsliturinn minn hefur breyst.  
Ég er með lengra hár,  
spangirnar farnar.  
Húmorinn hefur breyst  
og þolinmæðin hefur minnkað.  
Ég er einfaldlega ekki  
sama manneskjan og þú þekktir.  
Sættu þig við það.

*Sigurlaug Sara, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Gríman

Tárin falla hægt  
niður mjúku kinnar þínar.  
Ég horfi á þig gráta kvöldum saman  
eftir að þú hefur verið hjá honum.  
Ekki vilt þú segja neinum frá  
þú setur upp grímu fyrir framan alla.

*Hlynur Freyr, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Það er allt í lagi

Það er allt í lagi að gráta  
það er allt í lagi að gera mistök  
það er allt í lagi að falla í prófi  
það er allt í lagi að vera reiður  
það er allt í lagi að vera feiminn  
það er allt í lagi að vera óöruggur með mann  
það er allt í lagi að vera öðruvísi  
það er allt í lagi að öskra  
það er allt í lagi að vera dapur  
það er allt í lagi að vera ekki í lagi  
það er allt í lagi að vera þú sjálfur  
það er allt í lagi að vera einn.

Það er allt allt í lagi

*Karen Helga, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Móðir

Án þín væri lífið sorg  
án þín væri gleðin ekki til  
án þín kemst ég ekki upp úr þessari dimmu, djúpu holu.  
Án þín gæti ég ekki hlegið.  
Með þér get ég gleymt  
með þér get ég dansað  
með þér hef ég engar áhyggjur.  
Þú ert partur af mínu lífi  
sem enginn getur fyllt upp í.

*Ragnhildur Vala, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Draumur

Mig dreymir um þau  
þótt mig langi ekki til þess.  
Ég finn lyktina af þeim  
þótt mig langi ekki til þess.  
Ég sé þau  
þótt að þau séu ekki þar.  
En einhvern veginn eru þau með mér.

*Eva María 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Morgundagurinn

Hvað ef morgundagurinn kemur án mín  
og ég verð ekki hér til að sjá  
hvort sólin skíni inn í augun þín,  
full af tárur, beind til mín

Ég óska að þú myndir ekki gráta  
eins og þú gerðir í dag.  
Hugsandi um svo ótal margt.  
Hvað þú hefðir geta sagt.

Ég veit hvað þér þykir vænt um mig.  
Jafn mikið og mér um þig  
Og í hvert sinn sem þú hugsar til mín  
veistu að ég sakna þín.

*Margrét Mjöll Sindradóttir, 9. bekk Ingunnarskóla*

---

Tárin streyma  
“gráttu ei”  
veldur fleiri tárur  
“ég hélt við værum vinir”  
“nei”  
þú sóar mörgum árum

*Morta Viktoría Pálsdóttir, 10. bekk Brekkuskóla*

---